



# GARÐASKÓLI

## HEIMSPEKI 103 - KENNSLUÁÆTLUN

### HAUST 2009

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
1. La	1. Þr <b>2</b>	1. Fi	1. Su	1. Þr Próf og kennsla
2. Su	2. Mi	2. Fö	2. Má	2. Mi Próf og kennsla
3. Má	3. Fi Foreldrafu. 8:20-9:00	3. La	3. Þr <b>11</b>	3. Fi Próf og kennsla <b>15</b>
4. Þr	4. Fö	4. Su	4. Mi <b>11</b>	4. Fö
5. Mi	5. La	5. Má For. og nem. viðt. 5.-22. okt.	5. Fi	5. La
6. Fi	6. Su	6. Þr	6. Fö	6. Su
7. Fö	7. Má	7. Mi <b>7</b>	7. La	7. Má
8. La	8. Þr	8. Fi	8. Su	8. Þr <b>16</b>
9. Su	9. Mi <b>3</b>	9. Fö <b>7</b>	9. Má <b>12</b>	9. Mi <b>16</b>
10. Má	10. Fi	10. La	10. Þr <b>12</b>	10. Fi
11. Þr	11. Fö	11. Su	11. Mi Dagur skólans	11. Fö
12. Mi	12. La	12. Má	12. Fi	12. La
13. Fi	13. Su	13. Þr	13. Fö	13. Su
14. Fö	14. Má Samr.pr. 10. b (ísl)	14. Mi <b>8</b>	14. La	14. Má
15. La	15. Þr Samr.pr. 10. b (ens)	15. Fi <b>8</b>	15. Su	15. Þr <b>17</b>
16. Su	16. Mi Samr.pr. 10. b (stæ)	16. Fö	16. Má Dagur ísl. tungu	16. Mi <b>17</b>
17. Má Skipulagsdagur	17. Fi <b>4</b>	17. La	17. Þr	17. Fi
18. Þr Skipulagsdagur	18. Fö	18. Su	18. Mi	18. Fö Jólaskemmtun
19. Mi Skipulagsdagur	19. La	19. Má	19. Fi <b>13</b>	19. La
20. Fi Skipulagsdagur	20. Su	20. Þr	20. Fö	20. Su
21. Fö Skipulagsdagur	21. Má	21. Mi <b>9</b>	21. La	21. Má
22. La	22. Þr	22. Fi	22. Su	22. Þr
23. Su	23. Mi <b>5</b>	23. Fö Skipulagsdagur	23. Má	23. Mi
24. Má Skólasetning	24. Fi <b>5</b>	24. La	24. Þr	24. Fi Aðfangadagur
25. Þr	25. Fö Skipulagsdagur	25. Su	25. Mi	25. Fö Jóladagur
26. Mi <b>1</b>	26. La	26. Má	26. Fi <b>14</b>	26. La Annar í jólum
27. Fi	27. Su	27. Þr	27. Fö	27. Su
28. Fö	28. Má <b>6</b>	28. Mi Uppbrotsdagur	28. La	28. Má
29. La	29. Þr	29. Fi Uppbrotsdagur	29. Su	29. Þr
30. Su	30. Mi	30. Fö Uppbrotsdagur	30. Má Próf og kennsla	30. Mi
31. Má		31. La		31. Fi Gamlársdagur

1. vika: Inngangur að heimspeki
2. vika: Undrun: Úr hverju er heimurinn? (kafli 2)
3. vika: Undrun: Úr hverju er heimurinn (kafli 2)
4. vika: Undrun: Varanleiki og breytileiki (kafli 2)
5. vika: Rök og hugsun (kafli 1)
6. vika: Rök og hugsun (kafli 1)
7. vika: Rök og hugsun (kafli 1)
8. vika: Rök og hugsun (kafli 1)
9. vika: Líkami og sál (kafli 3)
10. vika: Líkami og sál (kafli 3) Uppbrotsdagur
11. vika: Líkami og sál (kafli 3)
12. vika: Líkami og sál (kafli 3)
13. vika: Þekking (kafli 4)
14. vika: Þekking (kafli 4)
15. vika: Prófavika
16. vika: Þekking (kafli 4)
17. vika: Þekking (kafli 4)

**Námsefni:** *Heimspeki fyrir þig* eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack (lánuð út af bókasafni Garðaskóla)

**Vinnubrögð:** Samræða í tímum, verkefnavinna einstaklinga og lítilla hópa, samlestur og fyrirlestrar

**Námsmat:** Þátttaka í samræðu (20%), árangur á verkefnum (40%), próf (40%)

**Stundir á viku:** 3 kennslustundir á viku allt skólaárið 2009-2010

**Kennari:** Brynhildur Sigurðardóttir

**Netfang:** [brynhildur@gardaskoli.is](mailto:brynhildur@gardaskoli.is)

**Heimasíða:** [www.gardaskoli.is/heimspeki/](http://www.gardaskoli.is/heimspeki/)

### Vinnulag

Heimspeki 103 er framhaldsskólaáfangi sem er kenndur á heilu skólaári í Garðaskóla. Tímarnir byggjast upp á samræðum með útgangspunkti í kennslubókinni og spurningum nemenda. Á haustönn eru tekin nokkur lítil próf og nemendur vinna lítil verkefni af ýmsu tagi. Öll þessi vinna gildir til einkunnar og einkunn á haustönn gildir 50% af lokaeinkunn í heimspeki 103 vorið 2010. Nemendur sem vilja fá áfangann metinn inn í Fjölbrautaskólann í Garðabæ þurfa að fá 7 eða hærra í lokaeinkunn í áfanganum.

### Áfangalýsing

Saga heimspekinnar er uppfull af dæmum um frjóa hugsun og það hvernig hugmyndaauðgi og sköpunargleði getur skýrt viðfangsefni sem áður virtust þoku hulin. Í þessum áfanga fær nemandinn að kynnst nokkrum af þessum viðfangsefnum og ólíkum lausnum heimspekinga frá ólíkum tímum.

Nauðsynleg færni til að fást við hugmyndir heimspekinganna er rökleikni og mikilvægt markmið áfangans er að efla rökræðu- og samskiptahæfni, bæði í ræðu og riti.

Lögð er áhersla á tengsl heimspekilegu hugmyndanna og rökleikni við veruleika nemenda. Með því móti er heimspekin bæði aðgengilegri og hagnýtari, en tengsl við eigið líf og menningu tryggir betur áhuga og samfellu í námi og hversdagslífi, og eykur líkur á að námið nýtist til frambúðar. Áfanginn getur þannig dýpkað og víkkað sýn á ýmis svið menningarinnar.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- ✓ þekki mikilvæg heimspekileg hugtök og hugmyndir úr heimspekisögunni
- ✓ þekki til helstu heimspekinga sögunnar
- ✓ geri sér grein fyrir sérstöðu og margbreytileika heimspeki sem fræðigreinar
- ✓ fái innsýn í sögulega þróun heimspekilegra hugmynda
- ✓ öðlist samræðufærni, þ.e. færni í að tjá sig, hlusta á aðra og veita eigin rök og annarra
- ✓ þjálfist í lestri heimspekitema
- ✓ þjálfist í að endursegja og skýra textabrot
- ✓ læri að beita gagnrýnu viðhorfi, til dæmis með því að greina rökskekkjur
- ✓ geti tengt hugmyndir heimspekinnar við eigin veruleika
- ✓ þekki til tengsla heimspeki og annarra sviða menningarinnar, svo sem trúarbragða, lista og vísinda